

FW: Vekjum athygli á: Ný skýrsla - Reynolds og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi

Til : Ágúst Sigurðsson
Frá : Rangárþing Ytra
Heiti : FW: Vekjum athygli á: Ný skýrsla - Reynolds og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi
Málsnúmer : 2203031
Málsaðili : Háskóli Íslands
Skráð dags : 09.03.2022 10:39:16
Höfundur : Rangárþing Ytra

Viðhengi [Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi.pdf](#)[Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi.pdf](#)
[ATT00001.gif](#)[ATT00001.gif](#)

From: Lára Hrönn Hlynisdóttir **On Behalf Of** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Sent: miðvikudagur, 9. mars 2022 09:25

To: stjornsyslaogstjornmal@reiknistofnun.onmicrosoft.com

Subject: Vekjum athygli á: Ný skýrsla - Reynolds og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi

Vekjum athygli á nýtkominni skýrslu um reynslu og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi

Kjörnir fulltrúar gefa kost á sér til starfa í íslenskum sveitarstjórnunum til að láta gott af sér leiða og upplifa árangur af störfum sínum. Á hinn bóginn vinna þeir talsvert meira heldur en fulltrúar í sveitarstjórnunum annars staðar á Norðurlöndum eða að meðaltali 50 klst. á mánuði. Ef kjörnir fulltrúar sem hafa setu í sveitarstjórn að aðalstarfi eru teknir frá þá fellur meðaltalið niður í 40 klst. á mánuði. Ríflega helmingur hópsins hefur upplifað mikið álag í starfi til lengri tíma að því er fram kemur í könnun Evu Marínar Hlynisdóttur, prófessors í opinberri stjórnsýslu við HÍ, um reynslu og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi.

Eva Marín naut liðsinnis innviðaráðuneytis og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð könnunarinnar og var niðurstöðuskýrsla hennar unnin í samráði við verkefnisstjórn um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa innan innviðaráðuneytisins. Verkefnisstjórnin vinnur að því að greina starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og leggja fram tillögur til úrbóta. Félagsvísindastofnun sendi spurningarlista vegna könnunarinnar til allra kjörinna fulltrúa í íslenskum sveitarstjórnunum dagana 16. nóvember til 4. desember árið 2020. Af 466 kjörnum fulltrúum svöruðu 236 eða 51%.

Eva Marín segir niðurstöður könnunarinnar athyglisverðar í ljósi umfangsmikilla breytinga á sveitarstjórnarstiginu. „Samhliða auknum verkefnum sveitarfélaga hefur sveitarfélögunum fækkað á landsvísu. Sú þróun hefur óneitanlega haft áhrif á störf sveitarstjórna. Færri hendur vinna fleiri verk. Í könnuninni vekur álag á sveitarstjórnir sveitarfélaga af miðstærð sérstaka athygli. Einn þáttur í því gæti verið að þessi sveitarfélög hafi tekið að sér að sjá um verkefni fyrir minnstu sveitarfélögin,“ segir hún. „Svo má ekki gleyma því að íslenskar sveitarstjórnir eru mjög fámennar og raunar aðrar fámennustu sveitarstjórnir í Evrópu með 7 fulltrúa að meðaltali.“

Guðveig Eyglóardóttir, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð og formaður verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa innan aðgerðaráætlunar stjórnvalda á sviði sveitarstjórnarmála, segir niðurstöðurnar dýrmætt innlegg inn í störf verkefnisstjórnarinnar. „Sveitarfélögin á Íslandi eru ólík og könnunin staðfestir að nauðsynlegt er að líta til margra þátta til að bæta aðstæður kjörinna fulltrúa. Þar er hægt að nefna skipulag, fræðslu, aðstæður, kjör og stuðning vegna erfiðra samskipta og áreitni,“ segir hún og bætir við að ríflega helmingur kjörinna fulltrúa hafi upplifað áreitni í tengslum við störf sín í sveitarstjórnunum á kjörtímabilinu eða síðasta kjörtímabili samkvæmt könnuninni.

Guðveig tekur fram að markmið nefndarinnar sé að vinna gegn óvenjumikilli nýliðun í sveitarstjórnnum, sex af hverju tíu fulltrúum í sveitarstjórn hafi verið nýliðar í tvennum síðustu sveitarstjórnarkosningum. „Nýliðun er alltof mikil, sérstaklega meðal kvenna. Þótt hlutfall kynjanna sé orðið ágætt í sveitarstjórnnum stoppa þær alltof stutt.“

Ítarlega er gerð grein fyrir niðurstöður könnunarinnar í meðfylgjandi skýrslu.

Tilgangur þessa tölvubréfs er að kynna þér rannsóknir, opna fundi, viðburði og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Ef þú kærir þig ekki um þessar upplýsingar vinsamlegast svaraðu þessum tölvupósti og afþakkaðu þær.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Institute of Public Administration and Politics

Háskóli Íslands / University of Iceland

Gimli 241, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

stjornsyslaogstjornmal@hi.is

Beinn sími / Direct tel.: +354 5255454

www.stjornsyslustofnun.hi.is Tímarit / Webjournal: www.irpa.is

Facebook: <https://www.facebook.com/stjornsyslustofnun/>